

Ársyfirlit 2023

Félagsleg heimaþjónusta í Dalabyggð

Þjónusta: Þjónustuþegar voru í ársbyrjun 13 talsins en 11 í árslok. Einn þjónustuþegi lést, einn flutti burt vegna veikinda maka, og einn flutti á Silfurtún. Inn kom einn nýr þjónustuþegi.

Að meðaltali var tímafjöldi á hvern þjónustuþega um 3,5 tímar á mánuði og fá allir heimsókn að a.m.k. tvisvar í mánuði.

Starfsmenn: Mestan hluta ársins voru starfsmenn þrír, en að auki var samið við hreingerningaþjónustu um eitt heimili. Síðari hluta ársins voru starfsmenn fjórir, þar af einn í afleysingum vegna veikinda.

Sæmilega hefur gengið að manna þessar stöður, og hefur úr ræst þó stundum hafi verið þungur róður um stundarsakir.

Akstur : Akstur er ávallt allnokkur í sambandi við þjónustuna, þó mun líklega heldur hafa dregið úr akstri yfir árið, sökum breytta aðstæðna og flutninga bæði þjónustuþega og starfsfólks.

Starfsemi: Starfsemi er í nokkuð föstum skorðum, reynt hefur verið að koma til móts við þjónustuþega eins og kostur er hverju sinni. Eitthvað er um að auka þurfi þjónustu um lengri eða skemmri tíma, og á það við bæði um verklega þætti þjónustunnar og félagslega.

Framundan: Í nóvember var haldinn spjallfundur á vegum félagsþjónustu Dalabyggðar. Hann sátu; verkstjóri heimaþjónustu, verkefnisstjóri fjölskyldusviðs, hjúkrunarfræðingur frá HVE, formaður félags eldri borgara og sveitarstjóri hluta fundarins. Auk þessara var íþrótta og tólmstundafulltrúa og umsjónarmanns líkamsræktarhóps eldri borgara, boðið að koma en þau áttu ekki heimangengt. Formáli þessa fundar var óformlegt spjall milli fyrsttöldu þriggja aðila og þá með aðkomu íþrótta og tólmstundafulltrúa. Ýmis mál voru rædd og m.a. ákveðið að halda í byrjun vetrar opinn spjallfund með eldri borgurum.

Tilfni og tilgangur þessara funda er að ræða málefni sem varða þennan aldurshóp og veita þeim meiri aðkomu að þeim ákvörðunum og hugmyndum sem þau varða. Fyrir heimaþjónustuna er þetta ákveðið tækifæri til að kynna hvað hún hefur að bjóða sem og auðveldar fólki í óformlegu spjalli að forvitnast og fræðast um þessa starfsemi.